



14. maí 2010

Umsögn um tillögu til þingsályktunar, samgönguáætlun 2009-2012, mál 582.

Landvernd fagnar nýjum og breyttum áherslum í tillögu að samgönguáætlun. Þótt markmiðin byggji á stefnumótun í samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014 kemur fram í núverandi markmiðsgrein um greiðari samgöngur að stefna skuli að markvissri uppbyggingu reiðhjólástíga og eins að gera eigi úttekt á með hvaða hætti megi koma á strandsiglingum að nýju með það að markmiði að draga úr landflutningum. Í markmiðsgrein um umhverfislega sjálfbærar samgöngur koma fram áherslur eins og auknar kröfur til opinberra aðila um notkun vistvænna ökutækja og að efla eigi rannsóknir sem stuðla að umhverfisvænum samgöngum. Þessu ber að fagna. Stefna Landverndar hefur ávallt verið að hvetja til að áætlanir stjórnvalda í samgöngumálum leiði til minni mengunar og losunar kolefna. Eins hefur verið hvatt til þess að nýframkvæmdir valdi ekki óþarfa tjóni á náttúruyrirbrigðum.

Landvernd gerir nokkrar athugasemdir við þingsályktunartillöguna en bendir jafnframt á að afar skammur tími er gefinn til að veita umsögn eða rétt um 10 dagar. Æskilegt hefði verið að haldnir væru opnir kynningarfundir um tillögu að samgönguáætlun svo að almannaheillasamtök eins og Landvernd fengju betri ráðrúm til að kynna sér þau fjölmörgu verkefni sem fram koma í áætluninni og þær forsendur sem að baki liggja. Aukið gegnsæi væri mjög æskilegt í þessum efnum.


- Landvernd telur að eyrnamerkja verði fjárframlög til eflingar almenningssamgangna í samræmi við markmið áætlunarinnar eins og gert er með aðra þætti samgangna eins og lagningu vega, flugvelli, jarðgöng og hafnargerð.
- Landvernd vekur athygli á að meira fé þurfi að renna til fræðslumála, ekki einungis í umferðaröryggisáætlun heldur þarf einnig að veita fé til fræðslu um bann við akstur utan vega en í tillögunni virðist ekkert fé eiga að renna til þessa mikilvæga málefnis. Ljúka þarf t.a.m. kortlagningu vega á hálendi Íslands og öðrum fáförnum svæðum en þetta verkefni er afar aðkallandi í ljósi aukins utanvegaaksturs á síðustu árum.
- Landvernd mótmælir því að nýr Gjábakkavegur (kallaður Lyngdalsheiðarvegur í áætluninni) skuli vera inni á samgönguáætlun. Eins og ítrekað hefur verið bent á hefur þessi vegaf framkvæmd afar neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, gæti skaðað stöðu Þingvallabjódgarðs á Heimsminjaskrá og er algerlega óþörf eins og Landvernd benti á í ítarlegri greinargerð sem var send samgönguyfirvöldum árið 2008.
- Varðandi Dettifossveg hvetur Landvernd samgöngunefnd til að kalla eftir því að vestan Jökulsár á Fjöllum verði lagður ferðamannavegur sem fylgir landslagi, ekki uppbyggður heilsársvegur með 90km hámarkshraða eins og núverandi áform gera ráð fyrir. Samtökin telja að heilsársvegur eigi betur heima austan árinna eins og þau hafa áður bent á og fært rök fyrir.

- Varðandi Vestfjarðaveg tekur Landvernd eftir að gert er ráð fyrir heimild til að flytja fjárveitingu til framkvæmda á Vesfjarðavegi um Gufudalssveit “ef niðurstaða fæst í tæka tíð um legu vegarins þar”. Vakin er athygli á að dæmt hefur verið um þessa vegagerð bæði í Héraðsdómi og í Hæstarétti. Í ljósi þessa telja samtökin varhugavert að gert sé ráð fyrir þessari heimild í vegaáætlun.

- Varðandi Siglufjarðarveg er gert ráð fyrir auknum fjármunum til að ljúka við gerð Héðinsfjarðarganga. Landvernd minnir á að mikill kostnaður við gerð Héðinsfjarðarganga sé kominn langt fram úr áætlun. Framkvæmdin mun valda umtalsverðum spjöllum á Héðinsfirði og samtökin er enn þeirrar skoðunar að göng þessi séu á röngum stað og að aldrei hefði átt að ráðast í þessa framkvæmd í núverandi mynd. Er hér lýsandi dæmi um hvernig ekki á að taka ákvarðanir í vegamálum á Íslandi og full ástæða fyrir Alþingi til að kanna hvort ekki eigi að fara fram rannsókn á aðdraganda þess að heimilt var að ráðast í þessa framkvæmd.

Landvernd telur að lokum brýnt að samgönguyfirvöld og stofnanir þess gæti varúðar í umgengni við náttúru landsins. Því miður sjást enn merki um óvarlega umgengni í tengslum við framkvæmdir og efnistöku vegna samgöngumannvirkja. Vonandi er það liðin tíð.

Með vinsemd og virðingu,



Lárus Vilhjálmsdóttir,
framkvæmdastjóri Landverndar